

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

*Kársnes. Kópavogstún. Kópavogsbakki 2. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 10. nóvember 2015 breytt deiliskipulag fyrir Kópavogsbakka. Í breytingunni felst að byggð verði úti-geymsla á vestur lóðamörkum. Heildarbyggingarmagn og nýtingarhlutfall breytist.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendi. Milli vatns og vegar. Kríunes. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 22. september 2015 breytt deiliskipulag fyrir Kríunes á Vatnsenda. Í breytingunni felst að byggt er við núverandi gistiheimili á austurhluta lóðarinnar og gistirýmum fjölgað. Einnig er gert ráð fyrir nýbyggingu á vesturhluta lóðarinnar. Heildarbyggingarmagn og nýtingarhlutfall breytist.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kársnes. Hafnarbraut 12 (áður Vesturvör 25-27 og Hafnarbraut 12-14). Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 8. september 2015 breytt deiliskipulag fyrir Hafnarbraut 12. Í breytingunni felst að heiti reitsins verður Hafnarbraut 12 og ráðgert að reisa fjölbýlishús með 130 íbúðum fyrir almennan markað og þar með fallið frá áformum um íbúðir fyrir aldraða ásamt þjónustubyggingu. Hámarkshæð bygginga eykst úr 21,4 m í 24,5 m en nýtingarhlutfall lækkar úr 3,5 í 3,12.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 12. nóvember 2015.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.